



271. Stjórnarfundur haldinn 4. sept. 2006 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá: UMFÍ spilaðu með foreldrabæklingur KSÍ, UMFÞ boðið að sitja aukaaðalfund Þróttar og Kristjáni Guðlaugssyni gjaldkera körfuknattleiksdeildar Keflavíkur vegna yfirdráttar. Samþykkt að veita körfuknattleiksdeild Keflavíkur heimild til 1.000.000- (einnmiljón króna) yfirdrætti í Landsbanka Íslands Keflavíkurútibúi til 1. febrúar 2007 vegna tryggingagjalds Evrópukeppni (EuroCop Challenge) og er óskyld fyrri yfirdrætti.

3. Send bréf.

Bréf sent bæjarstjórn/bæjarráði Reykjanesbæjar afrit til forstöðumanns umhverfis- og skipulagssviðs og framkvæmdastjóra MÍT sviðs Reykjanesbæjar. Sömu aðilum sent bréf þar sem fyrra bréf er dregið til baka.

4. Nýtt félagsheimili Keflavíkur

Málið rætt. Halda áfram þeirri vinnu sem hefur verið í gangi og halda áfram viðræðum við knattspyrnudeild um heildarskipulagningu á Hringbrautarsvæðinu og framtíð þess.

5. Tímaúthlutanir

Búið að úthluta tímum í íþróttamannvirkjum RNB nema í Sundmiðstöð og Reykjaneshöll en þar hafa deildir komið beint að málinu.

6. Önnur mál.

Námskeið fyrir þá aðila sem sjá um heimsíðu deilda og félagsins verður á mánudaginn 11. og þriðjudaginn 12. sept og verður haldið í Holtaskóla.

Samstarf við Heiðraskóla vegna íþróttavals verður aftur og hefur Holtaskóli sýnt þessu áhuga líka.

Framkvæmdastjóra falið að kaupa stuðningsmannakort af körfuknattleiksdeildinni.

Fánamál félagsins voru til umræðu.

Ákveðið að breyta fundartíma yfir á miðvikudaga og næsti fundur verður 27. sept. kl. 18:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.20:00

